

Breytingatillögur borgarfulltrúa Flokks fólksins við síðari umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024

F-5 Tillaga um hækkun viðhaldskostnaðar til skólabygginga og annarra bygginga þar sem börn stunda nám eða tómsundur

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka enn frekar viðhaldskostnað til skólabygginga og annarra bygginga þar sem börn stunda nám eða tómsundur. Á móti kæmi að stór og fjárfrek verkefni bíði að minnsta kosti um tvö ár og er þá átt við verkefni eða uppbyggingu sem lúta að öðru en íbúðauppbbyggingu, s.s. Grófarhús, Hlemm og önnur sambærileg verkefni sem nú hafa verið sett af stað ýmist í hönnun eða framkvæmd.

Greinargerð

Hávær hróp hafa borist lengi frá skólasamfélaginu vegna myglu og rakavanda í fjölmörgum skólum borgarinnar undanfarin ár. Frá árinu 2018 hefur greinst mygla í yfir 30 skólahúsum sem tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum samkvæmt samantekt fréttastofu RÚV frá því í fyrra haust. Í fyrra voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við hátt í tvö hundruð börn. Mörg þúsund börn verða fyrir raski á skólastarfi vegna myglu og raka. Mygla í skólahúsnæði í Reykjavík hefur tekið stóran toll. Fjölmargir hafa veikst. Starfsfólk hefur hrökklast úr starfi vegna veikinda tengdum myglu og dæmi eru um að börn séu orðin langveik.

F-6 Tillaga um aukið fjármagn til námskeiða fyrir börn og foreldra

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka framboð námskeiða í PMTO foreldrafærni (Parent Management Training) og fjölmargra annarra námskeið sem staðfest hefur verið að eru að gagnast börnum og foreldrum með ómetanlegum hætti. Lagðar verði 14 m.kr. til verkefnisins. Útgjaldaaukning verði tekinn af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur fengið upplýsingar um að börn þurfi að bíða lengi eftir að komast á námskeið sem þessi enda talin afar hjálpleg og gefandi fyrir börn og foreldra. Ekki skortir fagfólk til að sinna þessum verkefni. Það þarf að ráða fleiri og það kostar fjármagn. Þessi námskeið geta ýmsir fagaðilar haldið utan um og sinnt að undangenginni þjálfun. Eðlileg bið ætti að vera 2-3 vikur en er mikið lengri í dag. Gagnleg námskeið fyrir börnin eru t.d. Klókir krakkar. Bið er slæm fyrir börn og auðvitað alla aðra líka. Börn og aðrir viðkvæmir hópar eiga einfaldlega ekki að þurfa að bíða.

F-7 Tillaga um að fjölga fagfólki með sérmenntun í sálfræði- og félagslegri þjónustu við börn

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auglýsa eftir fagfólki með sérmenntun í sálfræði- og félagslegri þjónustu við börn með það að markmiði að ganga á biðlista barna sem bíða eftir viðtölum. Sterkar vísbendingar eru að beint aðgengi barna að viðtölum við fagfólk hafi dregist saman en þess í stað hefur bein aðstoð við starfsfólk skóla aukist í gegnum svo kölluð lausnateymi. Því ber vissulega að fagna. Unglingarnir sjálfir, unglingaráðin, hafa ítrekað tjáð sig um þá ósk að sálfræðingar og aðrir fagaðilar verði staðsettir í skólunum. Vanlíðan barna hefur aukist. Það staðfesta ýmsar lærdar skýrslur.

Greinargerð

Í ársskýrslu velferðarsviðs frá 2021 kemur fram að algengustu ástæður tilvísana barna til stoðþjónustu er tilfinningalegar. Mesta aukning milli ára er vegna tilfinningalegs vanda, eða um 63% og vegna málþroskavanda, eða 62%. Einbeitingarvandi hefur aukist frá því að vera 280 börn í 456 böm. Hér eru án efa vísbendingar um ADHD. Á nýafstöðnu farsældarþingi voru kynntar niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir grunnskólanemendur í vor. Sjötta hver stúlka í 10. bekk grunnskóla hefur orðið fyrir alvarlegri kynferðislegri áreitni af hálfu fullorðins. Innan við helmingur þeirra sagði öðrum frá. Einnig kom fram að 30-44% barna eru döpur og allt að 56% með kvíða. Við þessu þarf að bregðast með ýmsum hætti m.a. að auka aðgengi barna að samtali við fagfólk. Skýrt kom einnig fram hjá börnunum sem rætt var við í tengslum við þingið sem og í rannsóknarniðurstöðum að börn vilja hitta fagaðila, sálfræðinga eða annan sambærilegan þar sem þau fá tækifæri til að ræða sín mál beint við fagmanneskju. Í ljósi langs biðlista eftir fagfólki hjá skólaþjónustu, nú um 2.350 börn þarf að gera hér gangskör. Aukin vanlíðan barna í Reykjavík er ekki ný tíðindi og hafa verið margrædd í borgarstjórn.

F-8 Tillaga um úrbætur á aðgengi í skólum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að leysa þann aðgengisvanda sem er til staðar í sumum skólum borgarinnar með því að flytja fjármagn frá verkefnum eins og þrengingu gatna og hönnun á Lækjartorgi og það fjármagn nýtt til að bæta aðgengi fyrir fötluð börn að skólum og öðrum samkomustöðum barna.

Greinargerð

Rannsóknir hafa sýnt að aðgengi að skólum og stöðum þar sem frístundastarf barna fer fram er víða ábótavant og jafnvel mjög slæmt. Fötluð börn hafa reynslu af ýmskonar aðgengishindrunum stundum vegna þrengsla og þar sem eru eingöngu tröppur eða engin lyfta. Oft er jafnvel tregða að gera breytingar á húsnæði til að gera það aðgengilegt, sér í lagi þegar kemur að gömlum húsum. Í þessu þarf að gera betur að mati Flokks fólksins. Aðgengi snýst ekki aðeins um aðgengi fyrir hjólastóla, það snýst einnig um aðgengi fyrir sjón- og heyrnarskerta. Þetta er í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur á Alþingi 20. febrúar 2013 með lögum nr. 19/2013.

F-9 Tillaga um sálfræðilegt meðferðarúrræði fyrir eldra fólk

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna sálfélagslegt meðferðarúrræði fyrir eldri borgara sem búa á hjúkrunarheimilum eða í heimahúsi. Ávinningur er mikill, fyrst og fremst til að draga úr einmanaleika þessa hóps og einnig til að fyrirbyggja og draga úr notkun geðlyfja. Kostnaður er áætlaður 14 m.kr. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Enda þótt velferðartækni hafi rutt sér til rúms getur ekki allt eldra fólk tileinkað sér þá tækni eins og gefur að skilja. Því má segja að þessi hópur sé sennilega sá sem er minnst tæknivæddur ef borið er saman við aðra hópa. Þetta er einnig sá hópur sem ekki hefur hæstu röddina og er gjarnan hógvær og lítillátur. Fjölmargir leita sér einfaldlega ekki stuðnings. Finna þarf þá sem þarfnast félagsskapar og vilja persónulegt samtal og koma til þeirra með tilboð um hvort tveggja eftir atvikum.

F-10 Tillaga fjölgun þjónustupátta aldraðra sem búa einir heima

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fjölga þjónustupáttum við eldri borgara í heimahúsi og bæta suma sem fyrir eru. Hér má t.d. nefna að flokka sorp og koma því út úr húsi, hengja upp þvott og skipta á rúmi. Til að geta verið sem lengst heima þarf að veita meiri einstaklingsbundna aðstoð, t.d. aðstoð við að fara út úr húsi, komast sem snöggvást undir bert

loft og heim aftur. Varið verði 7. m.kr. til verkefnisins. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Á heilbrigðisþingi 2021 um framtíðarsýn heilbrigðisþjónustu við aldraða voru málefni aldraðra rædd í þaua. Eitt af málefnum var heimaþjónustan og hversu mikilvægt væri að auka hana og dýpka til að gefa eldra fólki tækifæri til að vera sem lengst heima. Nánast allir völdu þann valkost að vera heima frekar en að fara á stofnun þegar þeim tveimur valkostum var slegið upp. Ákallinu af heilbrigðisþinginu hefur ekki verið svarað með nægjanlega skýrum hætti. Áherslan er á velferðartækni sem vissulega er stórkostleg en hún getur aldrei komið í staðinn fyrir mannleg samskipti eða alla þjónustupætti. Til þess að það megi verða þarf að fjölga þjónustupáttum við eldri borgara í heimahúsi og bæta suma sem fyrir eru. Hér má t.d. nefna að flokka sorp og koma því út úr húsi, hengja upp þvott og skipta á rúmi. Til að geta verið sem lengst heima þarf að veita meiri einstaklingsbundna aðstoð, t.d. aðstoð við að fara út úr húsi, komast sem snöggvast undir bert loft og heim aftur. Flokkur fólksins leggur til að sérstaklega sé gerð könnun á hvar skóinn kreppir í heimaþjónustu og aðstoð við eldra fólk sem býr heima. Margir af þeim hópi búa einir. Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram í velferðarráði 2021 14 tillögur sem sneru að bættri þjónustu við eldri borgara í heimahúsum og fjölgun þjónustupátta. Allar voru unnar í samráði við þjónustupega og aðstandendur. Öllum tillögnum nema fjórum var hafnað. Rökin voru að þetta væri ekki á ábyrgð velferðarsviðs eða -ráðs. Hvað varðar viðbótar þjónustupætti þá á eldra fólk oft erfitt með ákveðnar hreyfingar þegar árin færast yfir. Það eru hreyfingar eins og að bogra eða teygja sig upp. Verkefni eins og að setja í þvottavél, taka úr þvottavél og setja í þurrkara eða hengja upp geta reynst sumu eldra fólki erfið. Einnig að skipta á rúmi eða sjá um flokkun sorps og koma sorpi út úr húsi t.d. um hávetur. Lagt er til að eftirfarandi þættir verði skoðaðir sérstaklega. 1. Flokka sorp og koma því sorpi út úr húsi, 2. Taka úr þvottavél og hengja upp þvott. 3. Skipta á rúmi. Allt kallar þetta á ákveðna hreyfigetu. Þessari þjónustu verður velferðarsvið að koma á laggirnar án vandkvæða. Aðstæður eldri borgara sem búa heima eru mismunandi. Sumir eldri borgarar sem búa einir eiga ekki ættingja eða vini sem þeir geta leitað til eftir aðstoð með þætti sem þjónusta velferðarsviðs býður ekki upp á.

F-11 Tillaga um skipulagsbreytingar og frekari niðurskurð hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og í miðlægrri stjórnsýslu

Lagt er til að borgarstjórn samþykki kerfisbundinn niðurskurð á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og í annarri stjórnsýslu borgarinnar þar sem flestar ráðningar hafa átt sér stað og mesta þenslan er. Lagt er til að hagræðingarkrafa verði hækkuð á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara upp í 2%, ráðningarbann verði á skrifstofunni í að minnsta kosti tvö ár og að verkefni og undirskrifstofur verði sameinuð eins og þess er nokkur kostur. Áætlað er að sparnaður vegna aðgerðarinnar nemi 5,1 m.kr. Sparnaður verði færður á liðinn ófyrirséð.

Greinargerð

Fleira mætti skoða, t.d. að sameina verkefni og undirskrifstofur og einfalda verkferla. Sum verkefni mega fara á bið og einhver má jafnvel hætta við. Sum kunna að vera barn síns tíma og tímabært að leggja þeim. Áfram á að hafa það að markmiði að draga úr eða fresta ráðningum þar sem við á og draga úr launakostnaði. Rúmlega 60% af rekstrarútgjöldum A-hluta borgarsjóðs er launakostnaður í hlutfalli við tekjur. Þetta hlutfall hefur farið hækkanði á síðustu árum og útilokað er að ná fram hagræði í rekstri nema takast á við þennan stærsta útgjaldalið borgarinnar með markvissum hætti. Í þetta verkefni átti að fara fyrir löngu enda augljóst að margir möguleikar eru til að spara í málaflökkunum fjórum sem tilheyra þessari skrifstofu. Einhver neisti hefur vaknað hjá meirihlutunum um að þetta þurfi að gera og er í því sambandi vísað til 14 liða yfirlits yfir embættisafgreiðslur sem lagt var fram í borgarráði 9. nóvember sl. Þar segir frá starfshópi sem skuli rýna og greina mönnun, rekstur, umfang og þróun á miðlægrri starfsemi Reykjavíkurborgar og skili skýrslu á næsta ári þar sem fram koma

tillögur að hagræðingaraðgerðum. Þetta er nánast orðrétt út úr munni fulltrúa Flokks fólksins síðustu ár og síðast í ræðu í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun.

F-12 Tillaga um lækkun útgjalda vegna leigubílaferða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að takmarka notkun leigubíla fyrir starfsfólk borgarinnar þannig að þeir verði eingöngu notaðir í undantekningartilfellum. Leigubílanotkun er afar misjöfn eftir sviðum. Ef tekið er árið 2020 (fyrir COVID) er velferðarsvið hástökkvari í leigubílanotkun með 35.171.154 kr. Ef horft er til 2020 má draga þá ályktun að velferðarsvið hlýtur að verða að fara að skoða hvort ekki sé hægt að taka færri leigubíla. Finna þarf aðrar leiðir til að koma starfsfólki milli staða í þeim tilfellum sem þess þarf, öðruvísi en að notast við rándýran ferðamáta eins og leigubíla. Skoða má að fjölga deilibílum. Ekki liggur fyrir hver leigubílakostnaður var árið 2022.

Greinargerð

Meirihlutinn í borgarstjórn hefur linnulaust hvatt borgarbúa til að hjóla eða taka strætó og slíkt ætti allt eins að eiga við borgarstarfsmenn. Flokkur fólksins spurðist fyrir um leigubílakostnað starfsmanna borgarinnar í maí 2022. Ástæða fyrirspurnarinnar er að eftir því hefur verið tekið að þegar viðburðir eru á vegum velferðarsviðs má sjá eitthvað starfsfólk koma á leigubíl, stundum nokkrir saman í bíl en stundum einn í bíl. Í síðasta svari frá velferðarsviði við fyrirspurn um leigubílakostnað er aðeins sundurliðað hve mikill heildarkostnaður var á hvert undirsvið velferðarsviðs og svo tekið dæmi um hvaða ástæður liggja að baki mestum hluta kostnaðarinnar, þ.e. „Önnur notkun á leigubílum er vegna vitjana á heimili, starfsstaði eða á fundi.“ Ekki var hægt að sundurliða notkunina meira en þetta. Kjörnir fulltrúar verða að hafa nákvæmari upplýsingar til að geta sinnt sínu aðhaldshlutverki. Hvað sem þessu líður er fjárhæðin há sem fer í leigubílakostnað, sérstaklega á velferðarsviði. Það er alltaf hægt að réttlæta hvers konar útgjöld með vísan í að réttir aðilar hafi gefið grænt ljós vegna þeirra og að almennt séu góðar ástæður fyrir þeim.

F-13 Tillaga um að lækka kostnað vegna utanlandsferða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lækka áætlaðan kostnað vegna utanlandsferða og að öll svið og ráð stilli ferðum erlendis í hóf næsta ár vegna fjárhagsstöðu borgarinnar. Utanlandsferðir verði aðeins í undantekningartilvikum þar til borgin fer að sýna betri fjárhagslega afkomu, þ.e. þegar áætlanir eru farnar að standast.

Greinargerð

Eitt af því sem COVID kenndi okkur svo um munar var að notast við fjarfundabúnað og streymi urðu algengari en áður. Þetta er ódýr og skilvirk leið til að funda eða eiga samskipti við þá sem eru fjarri okkur. Þess vegna er svo sjálfsagt að notast við fjarfundarbúnað og streymi í stað þessa að taka sér ferð á hendur með tilheyrandi kolefnisspori og öðrum kostnaði sem kemur beint úr vasa borgarbúa. Reynist nauðsynlegt að fara erlendis nægir að einn fari og deili reynslu og upplifun af fundi/ráðstefnu með samstarfsfólki þegar heim er komið. Fara á vel með skattfé borgarbúa.

F-14 Tillaga um flutning skólasálfræðinga á skóla- og frístundasvið

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að flytja málefni skólasálfræðinga frá velferðarsviði á skóla- og frístundasvið. Það skýtur skökku við að skólasálfræðingar heyri undir velferðarsvið en ekki skóla- og frístundasvið. Með þessari hagræðingu næðist betra skipulag og líkur myndu aukast á að skólasálfræðingar væru staðsettir þar sem þeim ber, þ.e. í skólum borgarinnar.

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins lagði til í borgarráði 30. janúar 2020 að sálfræðingar í skólum færðust undir skóla- og frístundasvið. Með því kæmst sálfræðingarnir í betri tengingu við skólasamfélagið. Tillögunni var hafnað. Skólasálfræðingar heyra undir þjónustumiðstöðvar

borgarinnar þar sem þeir hafa aðsetur. Í skýrslu innri endurskoðunar sem kom út í júlí 2019, kom fram skýrt ákall skólastjórnenda um að sálfræðingar kæmu inn í skólana. Nærvera þeirra myndi létta álagi á kennara. Í raun má segja að það sé engin haldbær rök fyrir því að skólalþjónusta tilheyri ekki því sviði sem rekur skólana. Með því að skólasálfræðingar heyri undir skóla- og frístundasvið yrði hlutverk skólalþjónustu gagnvart skólum og starfsfólki þeirra eftt og veitir sannarlega ekki af því í ljósi langs biðlista.

F-15 Tillaga um tilraunaverkefni á útboði sorphirðu í einu póstnúmeri

Lagt er til að borgarstjórn samþykki útboð á sorphirðu í einu póstnúmeri innan Reykjavíkur ásamt því að kanna hagkvæmni á útboði vegna þjónustu við djúpgáma.

Greinargerð

Öll sveitarfélög önnur en Reykjavík bjóða út sorphirðu og er ekki að sjá annað en að slíkt hafi reynst vel. Flokkur fólksins leggur til að gerð verði hagkvæmnisúttekt á þjónustu við djúpgáma með þeim tækjum og tólum sem til þess þarf en SORPA hyggst sjálf þjónusta djúpgáma. Flokkur fólksins bendir á skýrslu norrænu samkeppnisefirlitanna frá 2016, Competition in the Waste Management Sector. Preparing for a Circular Economy. Löngu er tímabært að auka flokkun á söfnunarstað en í þessu stóra verkefni þarf að huga að kostnaði. Það er skylda sveitarfélags að fara vel með fjármagn, útsvar borgarbúa, og finna ávallt hagkvæmustu leiðirnar. Í þessu stóra verkefni er ekki að sjá að kannað hafi verið hvort hagkvæmara sé að bjóða út einstök verk eða verkefni eins og flest önnur sveitarfélög hafa gert. Þetta gagnrýnir fulltrúi Flokks fólksins.

F-16 Tillaga um úttekt á búsetuhögum og búsetuúrræðum öryrkja í Reykjavík

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að láta framkvæma úttekt á búsetuhögum og búsetuúrræðum öryrkja í Reykjavík með áherslu á þá aðila sem eru á leigumarkaði með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir ÖBÍ.

Greinargerð

Til að framkvæma úttektina er lagt til að skipaður verði starfshópur sem hafi til hliðsjónar rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir ÖBÍ. Skýrslan sýnir niðurstöðu rannsóknar í húsnæðismálum fatlaðs fólks sem unnin var af Félagsvísindastofnun fyrir ÖBÍ árið 2023. Í skýrslunni kemur fram að 27% svarenda með 75% örorkumat greiða á bilinu 51-75% útborgaðra launa í rekstur á húsnæði. Að auki greiða 12% svarenda í sama hópi meira en 75% útborgaðra launa í rekstur á húsnæði. Sú staða er óviðunandi með öllu og samræmist ekki markmiðum fjármálaáætlunar í húsnæðismálum um greiðslugetu leigjenda. Lítið sem ekkert hefur verið gert í húsnæðismálum fatlaðs fólks á þessum rúma áratug sem liðinn er frá útgáfu skýrslu 2010 fyrir utan viðleitni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að viðhalda tölfræði. Staðan er slæm og spilar hátt leiguverð þar inn í. Um 11% leigja hjá Félagsbústöðum og Brynju. Af þeim sem höfðu verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði höfðu tæp 60% verið þar 3 ár eða lengur. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum nýútkominnar skýrslu 2023 er brýnt að láta gera úttekt á búsetuhögum öryrkja og búsetuúrræðum sem þeim standa til boða í Reykjavík og leggja þá úttekt til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku í húsnæðismálum borgarbúa.

F-17 Tillaga um breytt fyrirkomulag lóðaúthlutana

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka valmöguleika á úthlutun lóða í Reykjavík þannig að félögum, hópum og jafnvel einstaklingum verði gert fært að sækja um byggingarhæfa lóð í Reykjavík á föstu verði. Eins og staðan er í dag er lóðum eingöngu úthlutað að undangengnu útboði en það er of takmarkað og útilokar þar með smærri hópa eða einstaklinga sem tilbúnir eru til að byggja hús.

Greinargerð

Þetta fyrirkomulag sem nú er, þ.e. að hægt er aðeins að fá lóð í gegnum útboð, er einhæft, óþjálft og stíft. Lágum tilboðum er hafnað þannig að aðeins þeir sem geta boðið best hreppa hnossið. Til er útfærslan: sala lóðarréttinda á föstu verði en þá er sótt um tiltekna lóð. Fyrstur til að skila inn umsókn fær lóðina en þó er þetta einnig þannig að fyrst er útboðsfyrirkomulagið viðhaft og síðan lóðin sett á sölu á föstu verði. Það sjá það allir í hendi sér að þetta fyrirkomulag er afar þungt í vöfum og tyrfið. Síðustu árin hafa einstaklingar ekki fengið úthlutað neinum lóðum, aðeins félög. Árið 2021 fengu fjórir einstaklingar lóðir en enginn eftir það. Sagt er að nóg sé til af byggingarhæfum lóðum og sagt að þær séu aðgengilegar einstaklingum sem og félögum. Það er einfaldlega ekki rétt. Ef við eigum ekki að sitja í þessari súpu húsnæðisskorts um aldur og ævi verður þessi meirihluti að gera breytingar þannig að hægt sé að byggja hraðar og halda áfram af krafti að byggja þar sem innviðir eru til staðar, s.s. í Úlfarsárdal og Grafarvogi. Ekki vantar landrými.

F-18 Tillaga um breytingar á launum formanna íbúaráða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera breytingar á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þannig að laun formanna verði lækkuð til jafns við laun annarra í íbúaráðunum. Laun fulltrúa í íbúaráðum eru í dag kr. 74.080 á mánuði og fær formaður tvöfalda þá upphæð eða 148.160. Þetta eru fjárhæðir án launatengdra gjalda. Ekki er greitt fyrir hvern fund heldur eru fulltrúar á föstum launum allt árið. Áætlað er að sparnaður vegna aðgerðarinnar nemi 9,6 m.kr. Sparnaður verði færður á liðinn ófyrirséð.

F-19 Tillaga um að hraða úrbótum á biðstöðvum Strætó

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka fjárheimildir framlaga til Strætó bs. til að hraða endurgerð og lagfæringum biðstöðva og svo unnt verði að bæta við að minnsta kosti 50 biðstöðvum umfram það sem áætlað er. Fjármagn verði flutt frá verkefnum eins og þrengingu gatna og endurgerð á Lækjartorgi/Kirkjustræti.

Greinargerð

Árið 2020 var gerð úttekt á biðstöðvum hvað varðar aðgengi. Skoðað var yfirborð. Þá voru yfir 500 biðstöðvar metnar ófullnægjandi. Til stóð að lagfæra 12 sem voru allra verst farnar, bæði aðgengi og yfirborð. Við þá tölu hefur nokkrum verið bætt á þeim tveimur árum sem liðin eru. Í úttektinni kom fram að aðeins á 11 biðstöðvum af 556 var aðgengi viðundandi. Flokkur fólksins lagði fram tillögu 2019 um endurbætur á öllum biðstöðvum strætó sem voru þá víða í lamasessi. Tillagan kom til afgreiðslu þremur árum síðar og var þá felld. Aðgengi og lélegt yfirborð stétta við strætóbiðstöðvar hefur auðvitað komið verst niður á fötluðu fólki og fólki með skerta sjón og hreyfigetu. Staðfest var í umsógn með málinu að endurbætur eru á bið vegna væntanlegrar borgarlínu sem búið er að upplýsa um að tefjist um 3-5 ár. Nú hefur borgarlínuverkefnið tafist og er því enn ríkari ástæða til að endurbæta biðstöðvar. Flokkur fólksins telur að endurmeta verði áætlun um endurbætur biðstöðva í ljósi fyrirsjáanlegrar seinkunar á öðrum samgönguvalmöguleika

F-20 Tillaga um breytingar á skipulagi þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera svohljóðandi breytingar á skipulagi þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar: Nafni sviðsins verði breytt í upplýsingatækisvið Reykjavíkurborgar sem skiptist í eftirfarandi starfseiningar: Skrifstofa sviðsstjóra: Ber ábyrgð á fjármálum, áætlanagerð, mannauðs- og persónuverndarmálum og því að markmiðum sviðsins sé náð. Verkefnastýring og þróun: Umsjón með stafrænni umbreytingu, ráðgjöf og eftirfylgni. Skrifstofa upplýsingaþjónustu: Þjónustuver Reykjavíkurborgar ásamt einni rafrænni þjónustumiðstöð sem heldur utan um rafrænar umsóknir fyrir öll svið og skrifstofur borgarinnar. Rafræn þjónustumiðstöð hefur umsjón með öllum vefjum Reykjavíkurborgar. Skrifstofa gagnþjónustu: Ber ábyrgð á allri gagnavinnslu og gagnamiðlun Reykjavíkurborgar.

Tæknipjónusta: Tækniborð, tækjaumsjón og kerfisrekstur. Umsjón með rekstri stjórnsýsluhúsa.

Greinargerð

Í þessum málaflokki er þörf á markvissum aðgerðum og að verkefnum sé fylgt vel eftir samkvæmt nútíma kröfum um árangursstjórnun. Í stað þess að Reykjavíkurborg haldi áfram með viðamiklar uppgötvanir og þróun lausna, verður leitað til fyrirtækja á einkamarkaði sem bestu reynsluna hafa á sviði hugbúnaðarþróunar. Það er löngu þekkt að miðstýrðar nýsköpunaráætlanir í opinbera geiranum hafa að stærstum hluta mistekist eða tekið langan tíma í framkvæmd með tilheyrandi kostnaði. Fyrirtæki á einkamarkaði ásamt sprotafyrirtækjum hafa tekið langt fram úr hinu opinbera á þessu sviði. Einföldun allra þjónustuferla borgarinnar gagnvart borgarbúum er eins og flestir vita, nauðsynleg. En það er ekki það eina sem þarf að einfalda, flókið innra skipulag í formi útbólginnar stjórnsýslu er fyrirbæri sem einnig þarf að takast á við. Í þessum breytingatillögum mun felast aukin skilvirkni og marksækni og einnig sparnaður vegna samlegðaráhrifa þar sem Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög ásamt ríkinu, leggjast á eitt við að veita almenningi sambærilega rafræna þjónustu. Sparnaður felst í því að fækka skrifstofum og millistjórnendum sviðsins með því að sameina skrifstofur sem hafa með sambætta starfsemi að gera. Reykjavík átti strax í byrjun að hoppa á vagninn með öðrum opinberum aðilum sem voru á sömu vegferð og taka þátt í uppbyggingu sameiginlegs þekkingarbrunnar sveitarfélaga og ríkisins varðandi stafræna umbreytingu. Með sameiningu skrifstofa sem hafa með ýmiskonar upplýsingamiðlun til íbúa að gera verður öll upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar einfölduð og eflað undir einni skrifstofu gagnþjónustu. Rafræn þjónusta Reykjavíkurborgar er í grunninn ekkert öðruvísi en sú rafræna þjónusta sem aðrir opinberir aðilar eru að veita og nýtist íbúum best ef um ákveðið samræmi er að ræða. Það á ekki að skipta máli hvert fólk flytur, viðmót þeirrar rafrænu þjónustu sem í boði er á að vera eins. Þegar upp er staðið er það þjónustan við notendur hvar sem þeir búa á hverjum tíma sem öllu máli skiptir.

F-21 Tillaga um aukið samstarf við Ísland.is

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að þjónustu- og nýsköpunarsvið óski eftir samstarfi við stafrænt Ísland um allar þær kjarnavörur sem standa til boða hjá Ísland.is og henta Reykjavíkurborg. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur einungis innleitt þrjár kjarnavörur Ísland.is sem eru stafrænt pósthólf, innskráning fyrir alla og straumurinn. Fleiri lausnir standa til boða og hafa önnur fyrirtæki og sveitarfélög gengið í hlutfallslega mun meira samstarf við Stafrænt Ísland en borgin. Hagræðing og ávinningur yrði af þessari samvinnu og því skynsamlegt að þjónustu- og nýsköpunarsvið innleiði eins margar vörur frá Ísland.is og kostur er.

Greinargerð

Loks er það nú viðurkennt af þjónustu- og nýsköpunarsviði eins og sjá má í gögnum að hagræði er í því að innleiða lausnir ríkisins. Um er að ræða verulega hagræðingu í bæði hýsingar- og rekstrarkostnaði. Hefði þjónustu- og nýsköpunarsviði borið gæfa til að gera sér grein fyrir því strax í upphafi, væri staða borgarsjóðs þó nokkuð betri. Samstarf við Stafrænt Ísland á að vera eins mikið og kostur er. Fulltrúi Flokks fólksins veit til þess að þó nokkur sveitarfélög eru að skoða fleiri kjarnavörur en þær sem Reykjavíkurborg notar. Hér má nefna vefi stofnana sem eru undirvefir Ísland.is og eru sérsniðnir að þörfum notenda og hafa það markmið að notendur komist beint að efninu. Reykjavík myndi njóta kosta og hagræðis sem felst í sameiginlegum lausnum eins og hönnunarkerfi, efnisstefnu og rekstrarumhverfi Stafræns Íslands. Einnig má nefna umsóknarkerfið hjá Ísland.is sem opnar leiðir í allar áttir fyrir almenning.

F-22 Tillaga um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir: Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækki úr 228.689 kr. á

mánuði í 257.046 kr. Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækki úr 365.902 kr. í 411.273 kr. á mánuði. Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækki úr 192.682 kr. í 216.574 kr. á mánuði. Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækki úr 114.345 kr. í 128.524 kr. á mánuði. Fjárhæð vegna barna í 16. gr. a hækkar úr 18.355 kr. í 20.631 kr. á mánuði. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2024. Áætlað er að aukinn kostnaður við breytinguna nemi um 227 m.kr. á ári. Útgjaldaauki verið fjármangaður af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins telur að við ákvörðun um árlega uppfærslu fjárhagsaðstoðar verði að hafa í huga að þeir sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda lifa við sárafátækt. Nú liggur fyrir að matarkarfan hefur hækkað um 12,4% á einu ári. Í ljósi þess hve drjúgur hluti tekna fólks á fjárhagsaðstoð fer í að eiga til hnífs og skeiðar telur fulltrúi Flokks fólksins rétt að miða uppfærsluna við prósentuhækkun matarkörfunnar. Sú prósentu sem meirihluti borgarstjórnarinnar vill miða við, 4,9%, er skammarleg þegar við horfum fram á áframhaldandi verðbólgu og 9,25% stýrivexti. Rétt er að taka fram að miðað við kostnaðarforsendur þær sem komu fram í tillögu meirihlutans mun tillaga Flokks fólksins einungis kosta 137 m.kr. umfram tillögu meirihlutans. Ef meirihlutanum þykir þetta bruðl þá getur fulltrúi Flokks fólksins bent á ýmis útgjöld sem mætti skera niður til að eiga fyrir þessari leiðréttingu.

F-23 Tillaga um Vin dagsetur

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að halda áfram rekstri Vinjar dagseturs í óbreyttri mynd en samkvæmt þjónustusamningi er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. á ári. Útgjaldaauki verið fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Vin er einstakur staður og hefur í gegnum tíðina skapað sér sérstöðu vegna þeirra vellíðunar sem notendur Vinjar upplifa þegar þeir dvelja í Vin. Hópurinn hefur myndað djúpstæð tengsl og óttast að ef af lokun verði muni hópurinn tvístrast. Velferðaryfirvöld vilja að þjónustumiðstöð Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða yfirtaki rekstur Vinjar á Hverfisgötu. Þessu hafna gestir Vinjar. Samkvæmt þjónustusamningi er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. á ári. Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir rúmast kostnaður innan fjárheimilda. Þarna gleyma velferðaryfirvöld að ef Vin hættir starfsemi mun vanlíðan aukast með tilheyrandi kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið sem yrði dýrara þegar upp er staðið. Sjálfsagt er að skoða að flytja dagsetrið í annað húsnæði og er æskilegt að það sé á einni hæð. Hafa þarf þétt samráð og samtali við starfsfólk og gesti Vinjar við flutning Vinjar í nýtt og betra húsnæði, þegar og ef til kemur.